



**60. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 9. október, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Atvinnumál.
2. Bréf frá menntamálaráðuneytinu vegna *Dags íslenskrar tungu*.
3. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna heimildarákvæða um tekjustofna sveitarfélaga.
4. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna námskeiðahalds fyrir sveitarstjórnarmenn.
5. Fundargerð 706. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
6. Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.
7. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. Atvinnumál.  
*Almennt rætt um atvinnumál og horfur. Boðað hefur verið til fundar stýrihópi í atvinnumálum í næstu viku.*
2. Bréf frá menntamálaráðuneytinu vegna *Dags íslenskrar tungu*.  
*Menntamálaráðuneytið beitir sér árlega fyrir sérstöku átaki í þágu íslenskrar tungu á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember. Í bréfinu eru skólar, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar hvött til að skipuleggja viðburði þennan dag undir merkjum íslenskrar tungu. Erindinu er vísað til fræðslu-, íþrótt- og tómstundanevndar.*
3. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna heimildarákvæða um tekjustofna sveitarfélaga.  
*Í bréfinu er vakin athygli sveitarstjórna á úrskurðum félagsmálaráðuneytisins vegna heimildarákvæða 4. gr. og 5. mgr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.*
4. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna námskeiðahalds fyrir sveitarstjórnarmenn.  
*Fyrirhuguð eru námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn dagana 7.-8. nóvember nk. í Reykjavík. Lagt fram til kynningar.*
5. Fundargerð 706. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
*Lögð fram til kynningar.*
6. Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.  
*Erindi bókað í trúnaðarbók.*



**7. Önnur mál.**

- a. *Fráveitumál í dreifbýli, erindi Hjartar Einarssonar, frestað frá síðasta fundi. Bæjarráð felur bæjartæknifræðingi að ganga frá málum varðandi rotþrórmál í samvinnu við ábúanda á lögbýlinu Hnjúkahlíð. Bæjarstjóri tók ekki þátt í umræðum vegna skyldleika við málið.*

**Fundargerð upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 18:35.**

Hjördís Blöndal (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)